

11. Frumvarp

til laga um útrýming fjárkláða.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða skal fram fara um land alt í árslok 1928 og ársbyrjun 1929. Skulu dýralæknar landsins standa fyrir framkvæmdum, hver í sínum fjórðungi, alt undir yfirumsjón dýralæknisins í Reykjavík og taka þeir sjer aðstoðarmenn estir þörfum. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að láta fresta böðuninni, ef Búnaðarfelag Íslands telur, að áhætta sje að láta hana fara fram, vegna fódurskorts.

2. gr.

Að fengnum tillögum dýralæknisins í Reykjavík semur atvinnumálaráðuneytið reglugerð um framkvæmd verksins og skal þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni.

3. gr.

Útrýming fjárkláðans skal í :ðaldráttum framkvæmd á þann hátt, að alt fje í landinu sje baðað úr góðu kláðabaði, þrem böðum, með hæfilegu millibili, Atvinnumálaráðuneytið sjer um kaup eða tilbúning á baðlyfinu og flutning þess á hafnir. Þaðan skulu hreppsnefndir annast flutninginn í hvern hrepp og um hann og sjá um, að næg baðker sjeu í hreppnum. Hver sá, er hefir fje á fóðrum, leggur til ókeypis nægilega aðstoð við skoðun og böðun þess. Kostnað allan við estirlit með böðuninni greiðir rikissjóður og auk þess $\frac{2}{3}$ hluta andvirðis baðlyfja og $\frac{1}{3}$ hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur estir fjártölu og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.

4. gr.

Þar til lög þessi koma til framkvæmda, skal atvinnumálaráðuneytið láta fram fara ítarlega rannsókn á tilbúningi og nothæfi baðlyfja til útrýmingarböðunarinnar.

5. gr.

Framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866, tilsk. 4. mars 1871, laga 8. nóv. 1901 og laga um sauðfjárbaðanir 30. nóv. 1914 skal frestað að því leyti, sem þær tilskipanir og lög samrýmast ekki lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á þinginu 1926 bar landbúnaðarnefnd Nd. fram frv. um útrýming fjárkláða og var það frv. sþ. í þeirri deild með nokkrum breytingum. Í Ed. var samþykkt að fela stjórninni að leita umsagnar sýslunefnda landsins áður en lengra væri farið í málinu. Stjórnin hefir þó talið rjeltara að fara þá leið að leggja fyrir sýslumenn landsins og bæjarfógeta að útvega upplýsingar hjá hreppstjórum öllum um útbreiðslu kláðans, því að ef biða hefði átt eftir sýslufundum alstaðar á landinu hefði málið ekki getað komið fyrir þing fyrir en 1928 og það þótti helst til seint. Svör úr mörgum sýslum eru þegar komin og verða væntanlega öll komin, er þingið tekur málið til meðferðar. Þykir ekki ástæða til þess að ræða hjer um svör þessi, því að þau munu verða afhent nefndum þeim, sem um málið fjalla.

Frv. er hjer flutt óbreytt eins og Nd. gekk frá því og þykir því engin þörf á að skýra binar einstöku gr. þess.